

Legslímuflakk (endometriósa)

Legslímuflakk eða endometriósa (endometriosis) er krónískur sjúkdómur sem orsakast af því að slímhúð svipuð þeirri sem þroskast inni í leginu, finnst utan legsins, á stöðum þar sem hún ætti ekki að finnast. Frumurnar utan legsins setjast á yfirborðsþekju líffæra og mynda þar bólgur og blöðrur. Talið er að um að allt að 5-10 % kvenna geti verið með legslímuflakk.

Legslímuflakk getur fundist nánast hvar sem er í kviðarholinu þó að það sé algengast í leginu, á eggjastokkunum og þar í grennd. Einnig getur það vaxið í þarmaveggjum og víðar þó að það sé sjaldgæfara. Legslímuflakksfrumurnar bregðast við mánaðarlegum hormónabreytingum líkt og þær gera í leginu, með blæðingum. Þá getur myndast örvefur eða samgróningar við önnur líffæri innan kviðarholsins þegar legslímuflakkið tengir saman aðra vefi.

Algeng einkenni:

Algengustu einkenni legslímuflakks eru verkir neðst í kviðarholi, oft við byrjun tíða. Þó margar konur fái tíðaverki lýsa konur með legslímuflakk verkjum sem eru mun verri en venjulegt getur talist.

Legslímuflakk getur valdið miklum sársauka, blöðru- og þarmavandamálum. Einkenni eru mismikil milli einstaklinga. Sýnt hefur verið fram á að erfðir koma við sögu sem ein af hugsanlegum orsökum legslímuflakks.

- Slæmir tíðaverkir. Þeir geta byrjað talsvert áður en tíðir hefjast og varað jafnvel í nokkra daga. Einnig geta fylgt kviðverkir og verkir í mjóbaki.
- Verkir við og/eða eftir kynlíf.
- Verkir tengdir hægðalosun eða þvaglátum, koma oftast fram á meðan á tíðum standur.
- Miklar blæðingar og/eða milliblæðingar.
- Ófrjósemi, talið er að um einn þriðji kvenna með sjúkdóminn eigi í erfiðleikum með að verða þungaðar.
- Þreyta, niðurgangur, hægðatregða og ógleði.



Greining og meðferð:

Það er ekki eðlilegt að hafa svo mikla tíðaverki að þú missir reglulega úr skóla eða vinnu. Þá þarf að huga að því að hitta kvensjúkdómalækni. Að greina sjúkdóminn snemma og fá meðferð getur komið í veg fyrir eða minnkað afleiðingar legslímuflakks.

Það er mikilvægt að þekkja einkenni sjúkdómsins þar sem það getur tekið konur 7-10 ár að fá rétta greiningu á sjúkdómnum, þar sem einkenni geta verið mismunandi milli kvenna og breyst með tímanum.

Kviðarholsspeglun er enn eina örugga leiðin til þess að greina legslímuflakk, en saga og skoðun hjá kvensjúkdómalækni getur hjálpað til við greiningu. Stundum er veitt hormónameðferð í þeim tilgangi að stöðva alla örvun á vexti slímhúðarflakksins. Lækning er þó erfið því það sækir oft fljótt í sama farið ef meðferð er hætt. Í verstu tilfellunum er íhugað að fjarlægja leg og eggjastokka þegar konan hefur ekki hug á eða hefur lokið barneignum.

Sigríður Ólafsdóttir, hjúkrunarfræðingur